

## Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

**Leið III, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild (Séreign LSR), (Kt. 421198-2259)**

Engjateigur 11, 105 Reykjavík. S. 510-6100. Netfang [Lsr@Lsr.is](mailto:Lsr@Lsr.is). [www.Lsr.is](http://www.Lsr.is)

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Skjal þetta er útgefið 1. janúar 2025.

**Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja**

## Hvers konar afurð er þetta?

### Tegund

Um lífeyrissparnað er að ræða í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997, séreignarsjóð sem ber heitið Séreign LSR, Leið III. Heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði eiga þá jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

### Markmið

Leið III er innlána leið þar sem séreignarsparnaðinum er ávaxtað að öllu leyti á verðtryggðum innlánsreikningnum. Eign Leiðar III er dreift þrjár innlánsstofnanir, m.t.t. hagstæðustu vaxtakjara og binditíma sem í boði eru hverju sinni.

### Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Aðild að Séreign LSR, Leið III hafa þeir sem greiða eða hafa einhvern tímann greitt iðgjald til einhverra af sjóðum LSR. Hið sama gildir um félagsmann aðildarfélag BSRB, BHM, KÍ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Leið III hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarks áhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun.

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

### Áhættuvísir



←-----→  
Minni áhætta Meiri áhætta



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 1 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér. Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s. lágur áhættuflokkur.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef Séreign LSR, Leið III, getur ekki greitt þér það sem við skuldum gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð. Þú gætir þó notið góðs af neytendaverndaráætlun (sjá þáttinn „hvað gerist ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið III, getur ekki greitt út“). Vísirinn hér að ofan tekur ekki tillit til þessarar verndar.

## Árangurssviðsmyndir

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka. Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni. Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af afurðinni síðustu 10 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

Ráðlagður fjárfestingartími:		1 ár
Dæmi um fjárfestingu:		100.000 kr á ári
		1 ár (ráðlagður fjárfestingartími)
Sviðsmyndir		
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	90.785 kr -9,2%
Óhagstæð sviðsmynd (1)	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	102.413 kr 2,4%
Hófleg sviðsmynd (2)	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	104.067 kr 4,1%
Hagstæð sviðsmynd (3)	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	110.269 kr 10,3%
Fjárhæð fjárfest til lengri tíma		100.000 kr

1. Óhagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu febrúar 2014 til febrúar 2015.
2. Hófleg sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu apríl 2019 til apríl 2020.
3. Hagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu mars 2022 til mars 2023.

## Hvað gerist af Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið III, getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið III, getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta. Slíkt fjárhagstjón gæti þó fallið undir tryggingasjóð innstæðueiganda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999. Sjá nánar frekari upplýsingar um sjóðinn og útgreiðslur á [www.tif.is](http://www.tif.is)

## Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfur fyrir eitt fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir fyrir 100.000 kr. á ári. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Enginn kostnaður er af flutningi á milli fjárfestingarleiða
- Engin sölulaun
- Enginn dreifingarkostnaður
- Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins mánaðarlega svo engin aukagjöld falla á afurðina. Sjá nánar um þessa kostnaðarliði í skýringum ársreiknings Séreignar LSR á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

## Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina og hvernig afurðin stendur sig. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.
- Fjárfest er fyrir 100.000 kr. á ári

Ef þú selur eftir 1 ár	
Heildarkostnaður	50 kr
Áhrif á ávöxtun á ári*	0,05%

\* Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 0,05% fyrir kostnað og 0,0% eftir kostnað.

### Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú selfur eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngugjöld	0%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngugjöld	0%
<b>Viðvarandi kostnaður sannreyndur hvert ár</b>		
Stjórnunargjöld og annar rekstrar kostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheitum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínu. 0,06% af virði fjárfestingar þinna ár ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á sl. 3 árum	0,05%
Viðskiptakostnaður	0,0% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	0,00%
<b>Aukakostnaður við sérstök skilyrði</b>		
Árangursgjöld	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð	0%

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

**Ráðlagður fjárfestingartími:** 1 ár (a.m.k.)

Ráðlagður fjárfestingartími miðast út frá því að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjárfestingartímanum og því ráðlagt að halda fjárfestingunni í að minnsta kosti 1 ár. Þar sem um séreignarsjóð er að ræða getur fjárfestir haldið afurðinni eins lengi og hann óskar.

Leið III hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarks áhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélagans er og hvert viðhorf sé til áhættu.

- Réttur til útborgunar er við 60 ára aldur og er þá heildarinneign laus til útborgunar. Útborgun getur þó aldrei hafist fyrir en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum.
- Sjá nánar um aðrar ástæður útborgunar, vegna örorku, andláts eða annarra ástæðna, á [www.lsr.is](http://www.lsr.is)
- Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.
- Tekjuskattur er dreginn af við útborgun

## Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun í gegnum síma 510-6100, afgreiðslu sjóðsins að Engjateigi 11, 105 Reykjavík eða netfangið [lsr@lsr.is](mailto:lsr@lsr.is). Sjá nánari upplýsingar m.a. um þjónustu- og opnunartíma á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

## Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um Séreign LSR, Leið III, má finna á [www.lsr.is](http://www.lsr.is) Þar má m.a. finna fjárfestingastefnu sjóðsins, mánaðarleg upplýsingaryfirlit sjóðsins, ársreikning og reiknivél séreignar.

# Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni

## Hvernig er áhætta tengd sjálfbærni felld inn í fjárfestingarákvarðanir?

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt, með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. SFDR reglugerðinni er ætlað er að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingaákvarðanir. SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Samkvæmt 6.grein SFDR skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um séreignarsparnað er gerður.

[Hér](#) má finna yfirlýsingar LSR sem tengjast SFDR um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er sambætt inn í ákvarðanatökufæri fjárfestinga hjá sjóðnum sem og yfirlýsingu vegna neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI).